

Af marxisma

Viðar Þorsteinsson. „Um Antonio Negri.“ Í *Af marxisma*, ritstj.
Magnús Þór Snæbjörnsson og Viðar Þorsteinsson, bls.
302-306. Reykjavík: Róttæka sumarútgáfan, 2012.

Um Antonio Negri

Antonio Negri fæddist árið 1933 í Padua á Ítalíu inn í efnalitra fjölskyldu kommúnista. Hann hóf sjálfur þátttöku í stjórnmálum á vinstri kantinum í kringum 1950, um það leyti sem hann tók að starfa sem fyrirlesari í stjórnmálakenningum við háskólann í Padua. Þegar leið á sjöunda áratuginn varð Negri í hópi forystumanna ítalskra andófshreyfinga sem kenndu sig við vinnustefnu (ít. *operaismo*) og síðar átónómisma (ít. *autonomia*), en starfsemi þessara hópa fólst framan af einkum í róttækri verkalýðsbaráttu í verksmiðjum á Norður-Ítalíu. Þær ýmsu hreyfingar sem þróuðust undir merkjum vinnustefnu og átónómisma áttu ríkan þátt í að móta skrautlegan vettvang ítalskrar vinstripólitíkur um að minnsta kosti tveggja áratuga skeið, eða allt þangað til lögregla upprætti þær undir lok 8. áratugarins. Hugmyndafræði þeirra snerist frá upphafi um sjálfstjórn og sjálfsprottið skipulag verkamanna, í andstöðu við þá hugmynd að Kommúnistaflokkur Ítalíu eða opinberar verkalýðshreyfingar störfuðu í umboði þeirra. Hreyfingar vinnustefnumanna voru ennfremur að mestu óháðar hugmyndafræði sósíalistaríkja og boðuðu harða andstöðu við allt ríkisvald.

Á árunum upp úr 1970 var Negri mjög virkur í endurskoðun og útvíkkun hugmynda vinnustefnunnar um vinnu og stöðu verkalýðs í samfélaginu. Með breyttum framleiðsluháttum varð ljóst að vinna almúgafólks fór ekki aðeins fram í verksmiðjum, heldur einnig með margvíslegum óbeinum eða óáþreifanlegum hætti. Dæmi um þessa endurskoðun var að viðurkenna hlutverk kvenna sem vinnuafli inni á heimilum í aldanna rás, og að líta á hópa á borð við atvinnulausa og námsmenn sem þátttakendur í framleiðsluferli kapítalismans í

viðum skilningi.¹ Þessi víði skilningur átónómistahreyfingarinnar á pólitískri stéttabaráttu átti samhljóm við þá fjölbreytilegu hópa sem urðu áberandi innan hinnar „nýju vinstrihreyfingar“ á árunum upp úr 1968.²

Hin svokölluðu *blýár* á Ítalíu áttunda áratugarins einkenndust af hörðum aðgerðum lögregluvirkvalda gegn herskáum hópum vinstri-
manna, einkum og sér í lagi *Rauðu herdeildunum* sem árið 1978 rændu og myrtu Aldo Moro, forsætisráðherra Ítalíu. Negri var í hópi þeirra sem þola máttu pólitískar hefndaraðgerðir stjórnvalda vegna morðsins á Moro þrátt fyrir að hafa enga aðild átt að því. Negri hlaut óvenju þungan fangelsisdóm, 30 ár, fyrir „uppsteyt gegn ríkinu“ og að bera „siðferðislega ábyrgð“ á aðgerðum herskárna vinstri-
manna. Negri flúði í kjölfar þess land til Frakklands, en afplánaði sjálfviljugur stytta fangelsisdóm á Ítalíu í lok tíunda áratugarins, meðal annars til að vekja athygli á hlutskipti þúsunda ítalskra aktívista í svipuðum sporum sem höfðu mátt sæta ofsóknum af hálfu ítalska ríkisins.

Áralöng dvöl Negris í Frakklandi mótaði mjög hugsun og fræðastörf hans, en þar átti hann samstarf við marga af fremstu hugsuðum franskra heimspeki og samfélagsvísinda, svo sem Michel Foucault, Gilles Deleuze og Félix Guattari. Negri fann snertiflöt milli reynslu sinnar úr starfi átónómista og rannsókna þessara frönsku fræðimanna á valdshugtakinu. Negri tileinkaði sér kenningar Foucaults um lífvald, en ekki síður verufræði Deleuze þar sem kraftar og ívera (fr. *immanence*) eru í fyrirrúmi. Árin sem Negri varði í útlegð í Frakklandi urðu honum drjúg í fræðastörfum, en af afrakstri þess tímabils má nefna bækurnar *The Savage Anomaly*³ (um Spinoza), *Time for Revolution*⁴ (um tímahugtakið frá sjónarhóli marxismans) og

- 1 Gagnlegt safnrit um fræðilegar áherslur í ítölskum marxisma er *Radical Thought in Italy* (ritstj. Michael Hardt og Paolo Virno), Minneapolis: University of Minnesota Press, 1996.
- 2 Gagnlega umfjöllun um átónómistahreyfinguna á þessum árum og samspil hennar við önnur vinstriöfl á Ítalíu má finna í Steve Wright, *Storming Heaven. Class Composition and Struggle in Italian Autonomist Marxism*, London: Pluto Press 2002.
- 3 Ensk þýðing: Antonio Negri, *The Savage Anomaly: The Power of Spinoza's Metaphysics and Politics* (þýð. Michael Hardt), Minneapolis: University of Minnesota Press, 2000.
- 4 Ensk þýðing: Antonio Negri, *Time for Revolution* (þýð. Matteo Mandarini), New York: Continuum, 2003.

*Marx beyond Marx*⁵ (um bókina *Grundrisse* eftir Marx, sem gegndi mikilvægu hlutverki í kenningum vinnustefnunnar).

Á árunum upp úr 1990 tókst samstarf með Negri og bandaríska bókmenntafræðingnum Michael Hardt sem átti eftir að reynast gjöfult. Saman skrifuðu þeir bókina *Labor of Dionysus*⁶ sem kom út árið 1994 og fjallaði einkum um kenningar um ríkisvaldið, en þekktasta verk þeirra leit svo dagsins ljós árið 2000, bókinn *Empire*.⁷ Þar settu þeir kenningar ítalsks marxisma, valdskenningar Deleuze og Guattari og fjöldan allan af kenningum um stjórnspeki og eftirnýlendustefnu í samhengi við þróun kapítalisma og andófshreyfinga á undangengnum áratugum. Verkið naut óvenjumikilla vinsælda miðað við fræðilegan stíl og framsetningu, og í ljósi þessa tóku Hardt og Negri til við að skrifa framhald, *Multitude*,⁸ sem hugsað var fyrir almennari lesendahóp og kom út árið 2004. Haustið 2009 kom út þriðja verk þeirra Hardts og Negris, *Commonwealth*, en þar setja þeir fram hugmyndina um „hið sameiginlega“ sem inntak og þýðingu kommúnismans.

Vorið 2009 sóttu þeir Hardt og Negri Ísland heim í boði Nýhils og flutti Negri fyrirlestur fyrir fullu húsi í Háskóla Íslands þriðjudagskvöldið 26. maí. Textinn sem hér fer á eftir er þýðing á fyrirlestrinum, sem bar titilinn „Comunismo: qualche riflessione sul concetto e la pratica“, en hann var áður fluttur í nokkurn veginn sömu mynd á ráðstefnu við Birkbeck-háskóla í London sem nefndist „On the idea of communism“ fyrr á sama ári. Í textanum má greina marga af þeim þráðum sem einkenna hugsun Negris, ekki síst lykilhugmyndina um hið sameiginlega sem hina sönnu merkingu kommúnismans.

Negri ræðir í upphafi fyrirlestrar síns um mannkynssöguna sem sögu stéttabaráttu, og leggur áherslu á að auðmagnið væri ekki til ef ekki væri fyrir vinnu verkamannsins. Þetta er kunnuglegt stef úr ítalskri vinnustefnu: vald verkamannsins er fólgið í þeirri stöðu

5 Ensk þýðing: Antonio Negri, *Marx Beyond Marx: Lessons on the Grundrisse* (þýð. Jim Fleming), New York: Autonomedia, 1991. Verkið er byggt á fyrirlestrum sem Negri hélt upphaflega árið 1978 við École Normale Supérieure í París að beiðni Louis Althusser.

6 Michael Hardt og Antonio Negri, *Labor of Dionysus: A Critique of the State-form*, Minneapolis: University of Minnesota Press, 1991.

7 Michael Hardt og Antonio Negri, *Empire*, Cambridge, Mass.: Harvard University Press, 2000.

8 Michael Hardt og Antonio Negri, *Multitude*, London: Penguin, 2004.

sem hann er þegar í sem vinnandi og framleiðandi vera. Hann getur ekki bundið vonir sínar um breytingar við annað en þá möguleika sem spretta upp úr því samhengi, því samhengi sem ríkjandi framleiðsluhættir skapa hér og nú. Þetta minnir á heimspeki Deleuze um íveruna, sem Negri túlkar á áþreifanlegan hátt með því að tengja hana við sígilda marxíska efnishyggju: það er söguleg staðreynd um síðkapítalismann að hann hefur komið á fót „raunokun“ (*real subsumption*) auðmagnsins á öllum félagstengslum þar sem skiptagildið hefur lagt allt undir sig.

Allt andóf verður að mati Negris að taka mið af þessum skilyrðum og gangast við þeim í starfi sínu. Nýjar samfélagsgerðir verða aðeins reistar úr því hráefni sem samtími og raunveruleiki leggja til. Þetta á einnig við um sjálfsveruna, sem býr ekki yfir neinu eðli öðru en því sem framleiðslutengslin ljá henni. Hér fylgir Negri bersýnilega í fótspor þess sígilda and-húmanisma sem Louis Althusser er þekktur fyrir að hafa haldið á lofti í túlkun sinni á Marx. Í meðförum Negris útilokar þetta þó alls ekki að hin vinnandi sjálfsvera búi yfir byltingarmætti – heldur gerir hún það einmitt *vegna* þessara skilyrða. „Mergðin“ (e. *multitude*) er heitið sem Negri gefur þessari efnislega grunduðu byltingarsjálfsveru sem er undirokuð af kapítalismannum um leið og hún ber hann uppi.

Í fyrirlestrinum undirstrikar Negri með afgerandi hætti þá skoðun sína að inntak kommúnismans hljóti að fela í sér andstöðu við ríkisvaldið. Ríkisvaldið kemur að dómi hans í veg fyrir hinn milliliðalausa og ótamda fjandskap milli verkalýðs og kapítalisma sem sannkölluð stéttabarátta krefst. Í stað þess að fallast á að ríkisvaldið taki sér hlutverk fulltrúa eða umboðsaðila vinnandi almennings ber að leitast við að öðlast milliliðalausa stjórn á öllu framleiðslukerfinu, en þessi skoðun rímar við ýmsar af þeim tilraunum sem ítalskir átónómistar gerðu á áttunda áratugnum um að skapa sér sín eigin kommúnísku samfélög fyrir neðan og til hliðar við formgerðir ríkisvaldsins.

Máttur almúgans eða mergðarinnar til að skapa sér sín eigin skilyrði til höfuðs ríkjandi kerfi – frekar en að leitast eftir þátttöku í því – sýnir sig einna best í hugtakinu *mótunarafl* (e. *constituent power*), sem kemur margoft fyrir í fyrirlestrinum. Mótunaraflið er aflíð til að búa til hluti, aflíð sem kapítalisminn færir sér í nyt með því að umbreyta því í umframvinnu sem verður síðan grunnur virðisaukans og í kjöl-

farið arðránsins. Markmið andófsins er að snúa þessu mótunaraflí í höndum kerfisins, að endurheimta umframvinnuna og virðisaukann og nota til uppbyggingar kommúnisma. Í þessu sambengi fjallar Negri stuttlega um *hugræna vinnu* – eitt lykilatriðið í kenningum hans og Hardts – en hún er eitt afbrigði *óefnislegrar vinnu*. Óefnisleg vinna er öll sú vinna sem unnin er með huganum og í gegnum upplýsingar, en að mati Hardts og Negris er slík vinna einkennandi fyrir núverandi þróunarstig kapítalismans.

Negri segir samfélagið algjörlega umlukðið kapítalísku lífvaldi, en þetta lífvald er alltaf um leið eitt af mögulegum verkfærum hinnar vinnandi mergðar til að skapa stofnanir hins sameiginlega úr framleiðslutengslum vinnunnar. Allt er framleitt af öllum – allir eru sífellt starfandi í samfélagi verksmiðjunnar – en einmitt þessvegna tilheyrir allt öllum og kommúnisminn á sér bæði réttlætningu og efnislegan tilverugrundvöll.⁹

Viðar Þorsteinsson

9 Ítarlegri umfjöllun um kenningar Negris og vísanir í frekara ítarefni er að finna í grein í þessu riti: Viðar Þorsteinsson, „Speglasalur vinnunnar. Mótunarafl í Deleuze og ítölskum marxisma“.